



SUÐURNESJABÆR

Suðurnesjabæ, 19. maí 2023
1902075 JKH

00.0

Nefndarsvið Alþingis

Kirkjustræti
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna tímabundinna undanþága frá skipulags-og byggingarlöggjöf og skipulagi.

Frumvarpið er borið fram af innviðaráðherra og samið í innviðaráðuneytinu í samráði við forsætisráðuneytið. Fram kemur í greinargerð með frumvarpinu þar sem fjallað er um samráð um vinnslu frumvarpsins að eina samráð sem haft var við sveitarfélög við vinnslu frumvarpsins var við Reykjavíkurborg. Ekki er tiltekið að haft hafi verið samráð við Samband Íslenskra sveitarfélaga né við önnur sveitarfélög. Þar sem efni frumvarpsins snýr með beinum hætti að breytingum á lögum og reglum sem varða sveitarfélög er gerð athugasemd um að ekkert samráð hafi verið við Samband Íslenskra sveitarfélaga og fleir sveitarfélög við vinnslu frumvarpsins.

Í greinargerð með frumvarpinu er fjallað um ástæður þess að þetta frumvarp er fram komið. Í kafla 2, um tilefni og nauðsyn lagasetningar, koma fram vægast sagt sláandi upplýsingar um áætlaðan fjölda einstaklinga sem koma til Íslands til að sækja um alþjóðlega vernd. Þar kemur m.a. fram að þann 1. desember 2023 er áætlað að uppi verði þörf fyrir húsnæði fyrir 5.565 einstaklinga miðað við 90% nýtingu húsnæðis. Til samanburðar eru íbúar Suðurnesjabæjar um 4.000. Þetta eru í raun ógnvekjandi upplýsingar sem eiga aðeins við um árið 2023 en gefur vísbendingar um að mjög alvarlegt ástand muni skapast í nánustu framtíð að óbreyttu og er hætt við að um nánast óleysanlegt vandamál verði að ræða innan ekki langs tíma.

Í greinargerð með frumvarpinu, inngangskafli 1 kemur m.a. fram að ríkið geti tekið á leigu húsnæði sem ekki hefur verið ætlað til búsetu undir tímabundin búsetuúrræði fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd án þess að afla þurfi byggingarleyfis fyrir breyttri notkun húsnæðisins til búsetu eða ráðast í breytingar á aðal-eða deiliskipulagi hlutaðeigandi sveitarfélags, enda uppfylli húsnæðið nánar skilgreind skilyrði um öryggi, brunavarnir og hollustuhætti sem og um gæði nærumhverfis.

Gerð er athugasemd við það að ríkið ætli að beita lögum til þess að taka lögbundið vald af sveitarfélögum með þessum hætti og sneiða hjá því að fara þurfi eftir þeim lögum og reglum sem gilda um skipulags-og byggingarmál. Því er harðlega mótmælt að ríkið gangi fram með þessum hætti, að færa skipulagsvald frá sveitarfélögum. Þess í stað eiga sveitarfélögin að vera umsagnaraðili og er gerð alvarleg athugasemd um að með þessu væri verið að skapa hættulegt fordæmi.

Þá er í inngangskafnanum gerð grein fyrir þeim fyrirætlunum ríkisins að Skipulagsstofnun geti veitt tímabundna undanþágu frá almennum skilyrðum og ferlum gildandi löggjafar á sviði mannvirkja og skipulags, sem og skipulags



SUÐURNESJABÆR

hlutaðeigandi sveitarfélags, til að heimila til bráðabirgða breytta notkun húsnæðis til búsetu.

Það er athyglisvert að Skipulagsstofnun eigi að fá þetta verkefni, að framkvæma það að skipulagsvald sé fært frá sveitarfélögum en ekki t.d. Húsnæðis-og mannvirkjastofnun. En í öllu falli er gerð alvarleg athugasemd um að ríkið ætli að beita svona æfingum til þess að sigla framhjá sveitarfélögum með þessum hætti og minnt á að Skipulagsstofnun gerir oftast en ekki ýmsar athugasemdir um skipulagstillögur frá sveitarfélögum í þeim tilgangi að farið sé eftir stöngustu skilyrðum löggjafar um skipulagsmál hverju sinni. Þessi áform í frumvarpinu ganga í raun algerlega gegn þeim vinnubrögðum og verkferlum sem Skipulagsstofnun hefur unnið eftir og fylgt samkvæmt þeirri löggjöf sem stofnunin vinnur eftir.

Þá er gert ráð fyrir að til þess að áform gangi eftir um umræddar undanþágur, þá berist umsókn þess efnis frá Vinnumálastofnun og að óskað sé eftir umsögn hlutaðeigandi sveitarfélags um hana. Gert er ráð fyrir að sveitarfélag hafi frest í tvær vikur til að veita umsögn en sé umsögn ekki veitt innan þess frests verði lagt til grundvallar að sveitarfélagið geri ekki athugasemd við veitingu undanþágu.

Gerðar eru alvarlegar athugasemdir um þessi áform. Í fyrsta lagi er þó athyglisvert að sveitarfélög fái að koma að málum þótt svo það eigi að vera í formi umsagna. Hins vegar er með ólíkindum að ætlast til að sveitarfélag fái aðeins tvær vikur til þess að skila umsögn um slíka undanþágu, sem er allt of stuttur frestur. Þá er því mótmælt að gert sé ráð fyrir að ef sveitarfélag nær ekki að skila umsögn innan tveggja vikna, þá sé litið svo á að sveitarfélagið geri ekki athugasemdir um viðkomandi umsókn. Þarna er ríkisvaldið að fara langt út fyrir það sem eðlilegt getur talist og má m.a. benda á að það heyrir nánast til undantekninga að stofnanir ríkisins afgreiði mál frá sér samkvæmt lögbundnum tímafrestum á hinum ýmsu sviðum, svo sem að Skipulagsstofnun á oftast en ekki erfitt með að skila umsögnum um skipulagstillögur innan lögbundins afgreiðslufrests vegna anna í öðrum verkefnum. Ef á að gera ráð fyrir að sveitarfélög veiti umsagnir um umsóknir um þær undanþágur sem um ræðir, þá þarf að veita sveitarfélagi mun lengri frest en tvær vikur til að afgreiða slík erindi. Slíkur frestur ætti að vera a.m.k. 4 vikur.

Lagt er til í frumvarpinu að viðkomandi sveitarfélagi beri að tilkynna lóðarhöfum og nágrönnum í grenndinni, sem taldir eru eiga hagsmuna að gæta, um breytta notkun húsnæðisins til búsetu áður en húsnæðið er nýtt til búsetu, enda þótt ekki sé gert ráð fyrir að sú notkun verði grenndarkynnt í tengslum við veitta undanþágu Skipulagsstofnunar.

Hér ætlast ríkisvaldið allt í einu til þess að sveitarfélag beri hita og þunga á að kynna áform ríkisins um breytta notkun húsnæðis til búsetu. Því er mótmælt að ríkið ætli að láta viðkvæman hluta þessara mála í hendur sveitarfélaga, þar sem gera má ráð fyrir að fyrirætlanir um breytta notkun húsnæðis á þennan hátt geti mætt andstöðu íbúa og hagsmunaaðila. Það hlýtur að teljast eðlilegt að ef ríkið ætlar að aftengja lög með þeim hætti sem lagt er til, að ríkið sjái sjálfst um að kynna þau áform sem þau hafa uppi með þessum hætti enda er ríkið mun betur til þess fallið að kynna, útskýra og svara fyrir þessi mál heldur en viðkomandi sveitarfélag. Ef áform í frumvarpinu ganga eftir er búið að aftengja aðkomu sveitarfélaga að málum og lögbundnum verkefnum sveitarfélaga og ef ríkið ætlar í alvöru að ganga fram með þeim hætti í lagasetningu, þá hlýtur að vera eðlileg krafa að ríkið annist þessi tilteknu verkefni að öllu leyti.



SUÐURNESJABÆR

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ákvörðun Skipulagsstofnunar verði ekki kæránleg til æðra stjórnvalds, gerð er alvarleg athugasemd um þessi áform.

Bent er á að í frumvarpinu og greinargerð er ýmis hugtakanotkun óskilgreind og óskýr, sem ekki sæmir vandaðri stjórnsýslu. Sem dæmi mætti nefna umfjöllun í e. og f. lið 3. gr. frumvarpsins. Hvað þýðir t.d. nálægð við skóla ? Hver er skilgreining á göngufæri við verslun og þjónustu, eða göngufæri við almenningssamgöngur ? Hvað teljast vera friðsæl og heilnæm útivistarsvæði, eru önnur útivistarsvæði ófriðsæl og óheilnæm ? Það verður að gera þá lágmarks kröfu að notkun hugtaka sé skýr þannig að mögulegt sé að framkvæma þau lög sem sett eru af Alþingi Íslendinga.

Virðingarfyllt,

Magnús Stefánsson
Bæjarstjóri



Jón/Ben Einarsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi